

Stjórnarfundur 297

FUNDARGERÐ		
Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
26.03.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 297
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:10	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi		
Starfsfólk og gestir		
Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri Þorsteinn Þorsteinsson, endurskoðandi		

Dagskrá:

- 1. Ársreikningur Norðurorku hf. 2023**
- 2. Tillögur stjórnar til aðalfundar 2024**
- 3. Erindi frá Líforkuveri ehf**
- 4. Trúnaðarmál**
- 5. Önnur mál**

1. Ársreikningur Norðurorku hf. 2023

Lagður var fram endurskoðaður ársreikningur Norðurorku hf. fyrir rekstrarárið 2023. Ársreikningur Norðurorku er samstæðureikningur með dótturfélaginu Fallorku ehf. Þorsteinn G. Þorsteinsson endurskoðandi fór yfir ársreikninginn og skýrði hann.

Helstu niðurstöðutölur eru Rekstrartekjur 5.025 millj. kr. Rekstrargjöld 3.681 millj. kr. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda 1.344 millj. kr. Fjármagnsliðir eru neikvæðir um 689 millj. kr. Hagnaður fyrir tekjuskatt 704 millj. kr. Tekjuskattur er 76 millj. kr. Hagnaður ársins er 629 millj. kr. Veltufé frá rekstri 1.862 millj. kr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBIDTA) er 2.136 millj. kr. Heildarefnahagur 19.100 millj. kr. Eigið fé 10.073 millj. kr.

Rekstrartekjur samstæðunnar hafa hækkað í samræmi við hækkun gjaldskráa og rekstrarkostnaður utan afskrifta er á svipuðu róli og undanfarin ár að teknu tilliti til verðlagsþróunar. Áritun endurskoðanda á ársreikning er án fyrirvara.

Ákveðið var að leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2024 og að stjórnarlaun verði kr. 100.000,- fyrir aðalmann og kr. 50.000,- fyrir setinn fund af varamanni, þ.e. óbreytt frá fyrra ári. Aðalfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 23. apríl kl. 1330 í Menningarhúsinu Hofi.

Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri, fór yfir samanburð á niðurstöðum ársreiknings og áætlunar fyrir árið 2023 og skýrði mun þar á milli þar sem það átti við.

Stjórn samþykkir ársreikninginn með áritun sinni og að leggja hann fyrir aðalfund Norðurorku hf. Jafnframt samþykkir stjórn að leggja fyrir aðalfund ofangreinda tillögu um að ekki verði greiddur arður og stjórnarlaun verði óbreytt fyrir komandi starfsár.

2. Tillögur stjórnar til aðalfundar 2024

Lagðar voru fram tillögur um stjórnarfólk og endurskoðanda fyrir aðalfund Norðurorku hf. sem haldinn verður 23. apríl næstkomandi.

Stjórn samþykkti tillögunar og samþykkti að leggja þær fyrir aðalfund.

3. Erindi frá Líforkuveri ehf

Félagið Líforkuver ehf. var stofnað í lok síðasta árs, til að fylgja eftir áformum um uppbyggingu líforkuvers á Dysnesi.

Líforkuver ehf. leitar eftir vilja stjórnar Norðurorku til að fá að nota, þegar fram í sækir, þann búnað sem í dag er nýttur til hreinsunar á metangasi, til hreinsunar á metani í fyrirhuguðu metanveri. Ef vilji til samstarfs um þetta mál er fyrir hendi, myndi stjórn Líforkuvers ehf. bjóða Norðurorku að leggja búnaðinn inn í óstofnað félag sem hlutafé.

Stjórn tekur jákvætt í erindið að því gefnu að notkun búnaðarins verði hætt hjá Norðuorku.

4. Trúnaðarmál

5. Önnur mál

a) Forstjóri greindi frá því að ekki hefur unnist tími til að bregðast við erindi Grýtubakkahrepps varðandi Reykjaveitu sem rætt var á 295. fundi.

b) Þetta var síðasti stjórnarfundur Sifjar sem gengur úr stjórn á næsta aðalfundi. Þakkaði hún fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Stjórn og forstjóri þökkuðu Sif sömuleiðis fyrir góð störf í þágu Norðurorku hf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10